

Með því að jeg er yður alveg samdóma í þessu efni, skal jeg hjermeð þjónustusamlega skora á yður, að leggja fyrir sjera Gísla Einarsson að greiða þegar í stað prestsekkjunni Kristínu Jónsdóttur hennar lögmaetu eptirlaun að viðlögðum þvingunarmedölum þeim, sem nefnd eru í enda brjefs yðar. Á sínum tíma vænti jeg eptir að fá skýrslu yðar um það sem gjörist í þessu efni. 92
15.sept.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til sitþsýfirvaldanna um lán handa prestakalli. — Með brjefi þessu var hinum núverandi presti á Þingvöllum leyft að kaupa handa Þingvallaprestakalli stórt og vandað íbúðarhús, er prestur sá, er þar var næst á undan byggði á prestssetrinu, og að taka í því skyni 1600 kr. lán uppá prestakallið, er endurborgist á 12 árum. Þó var leyfið bundið því skilyrði, að auk búrs, eldhúss og skemmu yrðu einnig staðarhús eptir sem áður, fjós og smíðjuhús með sömu stærð og verið hefur. 93
20.sept.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um útmælingu á lóð undir kirkjugarð. — Með þóknanlegu brjefi dags 3. júlí þ. á. hafið þjer herra amtmaður, sent hingað erindi frá nefnd manna, er stendur fyrir kirkjubygging á Sauðárkróki, þar sem hún fer fram á að fá útmælda 500 □ faðma lóð til kirkjugarðsstæðis úr landi þjóðjardarinnar Sauðár á melunum fyrir ofan Sauðárkrók. Hefur umboðsmaður Reynisstaðarklausturs mælt með beiðni nefndarinnar og leiguliði þjóðjardarinnar Sauðár samþykkt útmælinguna að sínu leyti endurgjaldslaust, og hafið þjer því lagt það til að hin umrædda útmæling verði leyfð. 94
20.sept.

Útaf þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar að jeg veiti hjermeð samþykki mitt til að ofangreindar útmælingar til kirkjugarðsstæðis á melunum fyrir ofan Sauðárkrók, en jeg vænti þess jafnframt, að haft verði gát á því að velja eigi kirkjugarðsstæðið svo að af geti hlotizt nein spilling á neyzluvatni Sauðárkróksbúa.

Brjef landshöfðingja til landlæknisins um útvegum á bóluefni og útgjöld til bólusetninga. — Í þóknanlegu brjefi, dags 3. f. m., hafið þjer herra landlæknir, skýrt mjer frá erfiðleikum þeim er á því sjeu að útvega nægilegt bóluefni til bólusetninga hjer á landi, og að þjer, til þess að afstýra skorti á bóluefni framvegis hafið samið við Selmer assistant við hina konunglegu Vaccinationsanstalt í Kaupmannahöfn sem sje fús til að senda talsvert af bóluefni hingað með hverju gufaskipi, sem fer til Íslands árið í kring, gegn hæfilegri þóknun eða 100 krónum árlega, og farið þjer þess nú á leit, að fje þetta verði útborgað úr landssjóði eptir einhverri grein fjárlaganna, þannig að fyrir 1888 verði ávísaðar 50 kr. fyrir síðari helming ársins. 95
21.sept.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, að samkvæmt kgsbr. 24. marz 1830, um bólusetningar hjer á landi, 4. gr., virðist hinu danska heilbrigðisráði (Sundheds-Collegium) vera lagt á herðar að útvega lækunum hjer á landi eptir beiðni þeirra nægilegt bóluefni, og skal jeg því þjónustusamlega skora á yður að fara fram á það við nefnt ráð, að það sendi til Íslands meira bóluefni en nú er gjört, eða svo mikið að nægi, en að því er snertir borgun á bóluefni því er þjer þegar hafið keypt eða síðar kunnið að verða að kaupa, ef heilbrigðisráðið eigi verður við áskorun yðar, þá ber yður